

Reglur um niðurgreiðslu á kostnaði við tónlistarnám utan Sveitarfélagsins Ölfuss

- Reglurnar gilda fyrir nemendur í tónlistarnámi, grunn- mið- og framhaldsnámi, sem lögheimili eiga í Sveitarfélaginu Ölfusi.
- Niðurgreiðslurnar falla niður í lok þess árs sem nemandi nær 20 ára aldri, þrátt fyrir að áttunda stigi sé ekki náð.
- Reglurnar miðast við nám sem ekki er í boði hjá Tónlistarskóla Árnesinga, sem Sveitarfélagið Ölfus er aðili að.
- Greiddur er niður kostnaður nemenda í tónlistarnámi allt að 50 % af kostnaði við námsgjöld, þó aldrei hærri upphæð en kr. 55.000,- á önn. (miðað er við vísitölu neysluverðs 315,5 stig í sept. 2008 og hækkar í hlutfalli við hana nema annað sé ákveðið).
- Umsóknum um niðurgreiðslu námskostnaðar skal skila á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss Hafnargötu 1, 815 Þorlákshöfn. Umsókninni skal fylgja staðfesting frá viðkomandi skóla um námsvist, ásamt staðfestingu frá Tónlistarskóla Árnesinga um að námið sé ekki í boði í tónlistarskólanum.
- Reglur þessar gilda frá september 2008

Samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss í september 2008